

Sent í samráðsgátt

Reykjavík, 21. nóvember 2022

Innviðaráðuneytið
Samgönguskrifstofa

Efni: Umsögn til innviðaráðuneytisins um drög að frumvarpi til laga um stefnumarkandi stefnur á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgangna og byggðamála, mál nr. 210/2022.

Bændasamtök Íslands styðja markmið frumvarpsdraga þessara enda samhæfing stefna mikilvægur liður í því að ná megi fram markmiðum þeirra. Í því samhengi verður að taka undir það atriði sem vikið er að í umsögn Skipulagsstofnunar um málið er varðar að ástæða sé til að skoða samspil stefnumótunar í stærra samhengi. Jafnframt telja samtökin mikilvægt í þeirri vinnu að horft sé sérstaklega til þess hvaða stefna sé réttþærri en önnur til að ekki skapist togstreita sem erfitt geti reynst að leysa úr.

Vilja samtökin einnig taka sérstaklega undir áhyggjur Sambands íslenskra sveitarfélaga af því að tilgreind markmiðsákvæði vegna gerðar samgönguáætlunar og byggðaáætlunar falli úr lögum. En um er að ræða ákvæði sem mikilvæg eru hinum dreifðari byggðum þar sem stór hluti íslenskrar matvælaframleiðslu fer fram. Bændasamtökin taka jafnframt undir umsögn Samtaka atvinnulífsins um frumvarpsdrögin.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, lögfræðingur